

Grunnskólinn á Hólmavík
2011 - 2012

Bekkjarnámskrá

8. bekkur



Umsjónarkennarar: Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir og
Jóhanna Ása Einarsdóttir

Bekkurinn

Nemendalisti:

Andri Már Bjarkason	Laufey Heiða Reynisdóttir
Benedikt Jónsson	Númi Leó Rósmundsson
Brandís Ösp Ragnarsdóttir	Róbert Fannar Magnússon
Elísa Mjöll Sigurðardóttir	Sigfús Snævar Jónsson
Eyrún Björt Halldórsdóttir	Símon Ingi Alfreðsson
Guðfinnur Ragnar Jóhannsson	Sunneva Guðrún Þórðardóttir
Gunnar Már Jóhannsson	Tómas Andri Arnarsson
Ísak Leví Þrastarson	Þórir Örn Jóhannsson
Kristín Lilja Sverrisdóttir	

Kennarar og námsgreinar:

Árný Huld Haraldsdóttir	danska
Dagrún Magnúsdóttir	listir
Hildur Guðjónsdóttir	enska
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir	íslenska, stærðfræði, tjáning, heimilisfræði, lífsleikni og umsjón.
Jóhanna Ása Einarsdóttir	stærðfræði, náttúrufræði, íslenska, tjáning, heimilisfræði, lífsleikni og umsjón.
Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson	íþróttir
Steinar Ingi Gunnarsson	upplýsingatækni
Victor Örn Victorsson	samfélagsfræði

Umsjónarkennari

Umsjónarkennari hefur veigamiklu hlutverki að gegna m.t.t. sinna umsjónarnemenda. Hann skal öðrum kennurum fremur fylgjast með námsframvindu sinna nemenda, fylgjast með skólasókn þeirra, vera í traustu sambandi við foreldra, sjá um að nemendur fái þá þjónustu sem þeim ber skv. lögum og reglum s.s. viðeigandi sérfræðiþjónustu o.fl. Umsjónarkennarar 7. bekkjar skólaárið 2011-2012 eru Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir. **Velkomið er að hringja í okkur í skólann.** Netföngin eru hrafnh@snerpa.is og stebbij@snerpa.is.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs skólans er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð sér um skipulagningu á sérkennslu skólans, skiptingu tíma milli nemenda og hefur frumkvæði að allri umfjöllun um sérþarfir nemenda í skólanum. Á skólaárinu 2011 – 2012 eiga eftirtaldir fulltrúar sæti í nemendaverndarráði: Aðstoðarskólastjóri, sem jafnframt er formaður, fulltrúi sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingur og Félagsmálastjóri Stranda- og Reykhólahrepps.

Foreldrar nemenda geta óskað eftir athugun, greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Auk þessa geta skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, eða eftir atvikum annað starfsfólk skólans eða skólaheilsugæslu, lagt fram ósk um sérfræðiaðstoð í samráði við og með samþykki foreldra. Öllum beiðnum skal vísað skriflega til umsjónarkennara. Sé umsjónarkennari af einhverjum völdum vanhæfur til að fylgja eftir beiðni skal máli vísað skriflega til aðstoðarskólastjóra.

Þurfi nemandi að mati umsjónarkennara á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til aðstoðarskólastjóra sem leggur málið fyrir nemendaverndarráð. Í rökstuðningi umsjónarkennara þarf að koma fram með skýrum og greinargóðum hætti í hverju aðstoð við nemendann á að felast að hans mati og skulu greinargóðar upplýsingar fylgja um hvað hefur verið gert/reynt til að koma til móts við þarfir nemandans.

Nemendaverndarráð fjallar um beiðnir varðandi sérstök úrræði til handa einstaka nemenda. Nemendaverndarráð er aðeins heimilt að fjalla um beiðnir sem lagðar hafa verið fyrir ráðið skriflega og með fullnægjandi rökum en vísar þeim að öðrum kosti aftur til umsjónarkennara.

Nemendaverndarráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og forráðamenn nemenda svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans ef þörf krefur. Nemendaverndarráð skal vinna úr beiðnum eins hratt og kostur er. Ráðið hefur að hámarki 30 daga til að komast að niðurstöðu. Umsjónarkennari og foreldrar skulu upplýstir skriflega um niðurstöðuna.

Námsmarkmið, leiðir, námsmat og námsefnisskrá

Íslenska

Kennari: Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Yfirmarkmið:

Að nemendur nái góðri færni á öllum sviðum málnotkunar í lesti, ræðu og riti og hvort heldur sem þeir eru að gefa af sér eða taka á móti, geti tjáð skoðanir, hugmyndir og tilfinningar og öðlist traust á eigin málnotkun. Íslenska er undirstaða allra annara námsgreina og allir kennarar eru jafnframt móðurmálskennarar.

Námsmarkmið:

Íslenska er margþætt námsgrein sem myndar eina heild en henni er hér skipt í fjóra efnisþætti sem samsvara skiptingu í aðalnámskrá grunnskóla.

Íslenska-lestur og bókmenntir

- auki orðaforða sinn og lesskilning og efli málskilning
- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi á heimili sínu, bókasafni eða á Netinu
- geti skynjað boðskap og markmið texta og myndað sér skoðun á því sem þeir hafa lesið
- taki þátt í umræðum um lesna texta
- geti lesið margvísleg fyrirmæli og farið eftir þeim

- þjálfist í notkun orðabóka og annarra handbóka lesi og ræði ítarlega um bækur sem fjalla um reynsluheim unglinga
- geri sér grein fyrir grunnhugtökunum í umfjöllun um skáldsögur, t.d. boðskapur, aðal- og aukapersónur og umhverfi
- lesi og ræði um valdar vísur og ljóð
- geti gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekið bókmenntaverk hefur á hann
- þekki hugtökin rím, stuðlar, braglína, endurtekning, persónugerving og líking

Íslenska-talað mál og hlustun

- öðlist sjálfsöryggi í framsögn og framkomu
- æfi áheyrilega framsögn og upplestur bókmenntatexta
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- þjálfist í að taka þátt í samræðum um tiltekin málefni
- geti lýst munnlega eða skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr daglegu lífi
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum
- taki þátt í leikrænni tjáningu
- þjálfist í að hlusta á flókin fyrirmæli og fara eftir þeim
- geti hlustað á umræður og gert sjálfum sér og öðrum grein fyrir innihaldi þeirra
- geti hlustað með eftirtekt á ljóð og laust mál og endursagt efnið á skipulegan hátt
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir

Íslenska-ritun

- þekki flestar stafsetningarreglur og hafi náð nokkrurri færni í greinamerkjasetningu
- þjálfist í að nota stafsetningarorðabók
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta
- tileinki sér persónulega og læsilega rithönd
- þjálfist í að taka glósur í námi sínu
- geti byggt upp texta á viðeigandi hátt og læri að nýta sér heimildir við ritun
- geti nýtt sér tölvu við ritun/ritvinnslu
- nái valdi á stafsetningu og þekki reglur um greinarmerki og geti auk þess leitað í orðabækur, kennslubækur og leiðréttingarforrit
- þjálfist í ritun, geti skrifað um eigin reynslu, hugsanir og skoðanir
- geti skrifað sögur og ljóð og notað myndmál orðtök og málshætti
- geti skrifað skýr og greinileg fyrirmæli og leiðbeiningar, útdrætti og endursagnir

Íslenska-málfræði

- átti sig á flokkun í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og í hverju flokkunin felst
- þekki beygingaratriði fallorða og geti í því sambandi fundið fall, tölu og kyn
- geti fundið nútíð og þátíð sagnorða og átti sig á mun reglulegrar beygingar og óreglulegrar fallorða og sagnorða
- geti fundið nafnhátt og boðhátt sagna og átti sig á merkingarlegum mun þeirra
- þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við ritun eigin texta

- geti flett upp í orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, t.d. um kyn orða og beygingu átti sig á hvernig orðum er skipt í orðflokka og þekki helstu beygingaratriði
- þekki mun á beinni ræðu og óbeinni
- þekki hugtök eins og víðtækur, sértækur, hlutstæð orð og óhlutstæð, samheiti og andheiti
- kannist við hugtök í orðmyndun, stofn, forskeyti, viðskeyti og beygingarending
- fái að fást við ýmis verkefni tengd orðtökum og málsháttum og myndagátur, krossgátur og ýmiss konar þrautir
- skilji útskýringar í orðabókum og viti hvaða mynd orðs er uppflettimynd þess
- þekki algengar hljóðbreytingar málsins og geti nýtt sér þá þekkingu í tengslum við stafsetningu og orðmyndun
- kannist við skiptingu orðaforðans í erfðaorð, nýyrði, tökuorð, slettur og slangur
- þekki helstu hugtök í sambandi við orðmyndun og orðhluta svo sem stofn, forskeyti, viðskeyti, beygingarending og samsett orð
- þekki hugtök eins og hlutstæður, óhlutstæður, sértækur og víðtækur
- öðlist trú á eigin málkunnáttu og málhæfni

Leiðir:

Unnið verður með nýtt námsefni sem heitir Skerpa 1 í íslensku í 8. bekk. Kennt verður í lotum, hver lota tekur 3 vikur og henni lýkur með prófi. Í hverri lotu má finna málfræði-, stafsetningar-, ritunar-, málfars-, og bókmenntaverkefni. Auk þess er unnið með framsögn og tjáningu. Mikil áhersla er lögð á að verkefnin reyni á rök hugsun, skilning og færni einstaklingsins til að skipuleggja nám sitt í nútíð og framtíð

Nemanda er í sjálfs valds sett að færa verkefni til og vinna í þeirri röð sem hann telur henta. Hann verður þó að gæta að því að vinna alltaf vel svo hann lendi ekki í tímaþröng í lok lotunnar.

Heimanám er misjafnt eftir nemendum, fer eftir vinnusemi í tímum. Þannig þarf nemandi sem stundar tímavinnu vel, ekki að bæta við miklu heimanámi.

Í lok hverrar lotu tekur nemandi próf og skilar öllum gögnum. Þá er átt við lotuna í plastmöppu og stílabók sem inniheldur þau verkefni sem átti að vinna á línustrikuð blöð. Ef allt gengur vel hefur nemandi lokið lotunni með þeim árangri sem til er ætlast. Ef ekki, rifjar hann efnið upp og endurtekur prófið.

Námið er einstaklingsmiðað og því er ætlað að örva nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og ábyrgðar á eigin námi. Ábyrgð í námi ætti síðan að stuðla að sterkari sjálfsmýnd þeirra sem sjá að með staðföstum vilja, skipulagningu og dugnaði næst árangur sem hægt er að vera stoltur af.

Samræmt námsmat skólans:

Verkefni anna verða metin, símat, og gilda 50% af einkunn haust-, mið- og vorannar. Símat felst í fjórum atriðum, virkni (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) samvinnu (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) ástundun (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir og skilar þeim á réttum tíma, mætir í tíma o.s.frv.), samskipti (eru samskipti við kennara og

samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda). 50% símat og 50% próf.

Nemendur taka próf í lok hverrar annar, öll próf og kannanir annarinnar gilda 50% á móti símati. Eingöngu er prófað úr námsefni sem búið er að vinna með.

Auk vorannareinkunnar verður í lok skólaársins verður gefin **lokaeinkunn** í hverju fagi fyrir sig sem er meðaltal haust-, mið- og vorannar.

Grunnefni: Skerpa 1, Málfinnur, Skrifinnur, Orðabók, Hugtök í bókmenntum, Vefur Skerpu, nams.is og Skólavefsins. Handbækur, uppflettirit, bókmenntaefni af bókasafni og hljóðbækur á vef.

Tjáning

Kennslustundir: 1

Kennarar: Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Ása Einarisdóttir
Leikstjóri: Arnar Snæberg Jónsson

Námsmarkmið: Að nemendur

- verði færari um að flytja mál sitt fyrir aðra
- þjálfist í að vinna saman
- þjálfist í umræðum, upplestri og leikrænni túlkun
- venjist því að standa upp og tjá sig í hópi fólks

Leiðir: Nemendur fá ýmsar æfingar í því að lesa upp, flytja stuttar ræður, setja sig í spor annarra, fjalla um margvísleg málefni, spinna leikverk, túlka texta, tjá sig orðalaust, fara í ýmsa leiki til að æfa samvinnu og fleira. Stefnt er á að setja upp leikrit.

Námsmat: Símat, gefið fyrir þáttöku í kennslustundum, ástundun og vinnu.

Námsefni: Frá kennara, af bókasafni og úr ýmsum öðrum áttum.

Heimanám: Ekkert, nema þegar verið er að undirbúa sýningar eða önnur atriði til flutnings.

Stærðfræði

Kennslustundir: 5

Kennarar: Jóhanna Ása Einarisdóttir og Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Yfirmarkmið: Að nemendur þjálfist í notkun stærðfræðinnar í daglegu lífi. Auk þess verði nemendur með góða grunnþekkingu á helstu sviðum stærðfræðinnar og hæfir til að takast á við frekara nám í stærðfræði.

Námsmarkmið: Stærðfræðinni er skipt niður í tíu efnisþætti sem samsvara skiptingu í aðalnámskrá grunnskóla.

Stærðfræði og tungumál

- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, ártöl í rómverskum tölum, almenn brot, tugabrot, mælitölur af ýmsu tagi og prósentur
- temji sér að fara rétt með stærðfræðiheiti og tákni, s.s. jafnaðarmerki
- lesi og túlki skýringartexta í námsefni og útskýri lausnir sambærilegra verkefna og þar er fjallað um

- þjálfist í notkun sviga og forgangsröð aðgerða

Lausnir verkefna og þrauta

- leita að mynstri eða reglu
- giska á lausnir og prófa þær
- geti sett upp dæmi og túlkað niðurstöður
- reyna við einfaldara skylt verkefni
- brjóta þau niður í smærri þætti
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- glími í samvinnu við aðra við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni
- vinna sig til baka

Röksamhengi og röksemdafærslur

- setji fram röksemdafærslur á skýran hátt, bæði í mæltu og rituðu máli
- þjálfist í að leita mótdæma til að prófa tilgátur
- kynnist hugtökunum mengi, stak, hlutmengi, sammengi og sniðmengi
- ræði og rökstyðji samhengið í venjulegum reikniaðferðum, t.d. samlagningu almennra brota

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- noti stærðfræði til að henda reiður á eigin fjármálum
- vinni með tíma-, lengdar-, flatar-, rúmmáls- og þyngdareiningar í metrakerfi og kynnist sambandi þeirra innbyrðis
- meðhöndli upplýsingar um náttúrufyrirbrigði á stærðfræðilegan hátt, t.d. setji veðurathuganir upp í töflur og gröf og túlki sem fall af tíma

Tölur

- vinni með heilar tölur, röðun þeirra, talnarunur og reikniaðgerðir
- meti hvenær tvö almenn brot eru jöfn og fáist við röðun almennra brota, styttingu og lengingu og tengsl þeirra við tugabrot og prósentur
- vinni með sléttar tölur og oddatölur og átti sig á reglum um deilanleika talna með 2, 3, 4, 5, 9 og 10
- þekki framtölur og þáttun talna í frumþætti og viti hvernig má finna lægstu framtölurnar
- þekki stærsta samdeili og minnsta samfeldi tveggja talna
- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot
- stytta almenn brot með því að leysa teljara og nefnara í frumþætti

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- noti reiknivél til að leggja saman, draga frá, margfalda og reikna prósentur með því að breyta í tugabrot og reikna svo
- öðlist það góða tilfinningu fyrir tölum að hann geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg
- tileinki sér tækni til að reikna í huganum, m.a. með því að beita námundun eða dreifireglu, tengireglu og víxlreglu þar sem við á
- námundi tölur að heilum þúsundum, hundruðum, tugum, einingum, tíundu hlutum, hundraðshlutum og þúsundustu hlutum
- venjist því að reyna að gera sér grein fyrir svári áður en gripið er til reiknivélar
- temji sér að prófa útkomur og leita að reiknivillum

Hlutföll og prósentur

- fáist við hlutföll milli stærða og geti skýrt þau með tilvísan til almennra brota og mynda eða teikninga
- vinni með mælikvarða á vinnuteikningum og landakortum
- fáist við prósentureikning sem algengur er í þjóðfélaginu, t.d. hækkun eða lækkun, aukningu eða minnkun og afslátt
- vinni með prósentur í margvíslegu samhengi þannig að nemandinn skilji að prósent merkir hluta af hundraði og byggji á þeim skilningi þegar hann reiknar með prósentum
- taki þátt í umræðum þar sem þörf er á skilningi á hlutföllum

Mynstur og algebra

- noti táknmál algebru til að lýsa reglum í talna- og rúmfræðimynstrum
- vinni með bókstafi til að tákna stærðir og beiti reiknireglum á stæður (heiti) þar sem ein eða fleiri óþekktar stærðir koma fyrir
- kynnist muninum á stæðu (heiti) og jöfnu
- kynnist hugtökunum liðun og þáttun og dæmum um hvernig hægt er að einfalda stæður með beitingu þeirra
- vinni með víxlreglu og tengireglu samlagningar og margföldunar
- leysi einfaldar jöfnur og byggji á skilningi á því hvernig bókstafir eru notaðir til að tákna stærðir

Rúmfræði

- þekki hugtök, s.s. punkt, línu, línustrik, geisla, horn og ýmsar gerðir marghyrninga, fari rétt með heiti þeirra og geti lýst þeim bæði í mæltu máli og með því að teikna myndir, borið þau saman og flokkað
- kynnist rétthyrndum, jafnarma og jafnhliða þríhyrningum og geti nýtt sér eiginleika þeirra í útreikningum
- tileinki sér hugtök og aðferðir við að mæla og reikna lengdir strika, flatarmál og ummál marghyrninga og rúmmál réttra strendinga
- vinni verkefni sem sýna fram á regluna um hornasummu þríhyrnings og noti hana til að reikna stærðir grannhorna og horna í jafnarma, jafnhliða og rétthyrndum þríhyrningum
- fáist við einfaldar hliðranir, snúninga og speglanir mynda í sléttum fleti
- fáist við rétthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti og hnit punkta og spegli og hliðri punktum í hnitakerfi

Tölfræði og líkindafræði

- fáist við, þekki og skilji hugtökin tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi
- geri sér grein fyrir líkindahugtakinu og átti sig á að sumir hlutir eru háðir líkindum en aðrir ekki
- þjálfist í öflun gagna, flokkun þeirra og framsetningu
- setji fram og túlki tíðnitöflur, súlurit, línurit og aðrar einfaldar aðferðir við framsetningu og lýsingu tölulegra gagna

Leiðir: Í kennslustundum er einstaklingsmiðun og stefnt er að því að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum og óhrædda við að prófa sig áfram. Hver og einn reiknar á sínum hraða og ekki er víst að neinir tveir verði á sama stað. Sett er upp áætlun fyrir hvern kafla í Skjatta og er ætlast til að nemendur keppist við að halda hana. Í lok hvers

kafla er stutt kaflapróf. Mikilvægt er að nemendur rifji upp það efni sem þeir hafa lært reglulega til að það gleymist ekki yfir veturinn.

Námsmat: Gefnar eru bæði prófseinkunn og starfseinkunn. Starfseinkunn byggir á vinnu vetrarins og ástundun og gildir 25%. Á haustönn og miðönn gilda einkunnir kaflaprófa 75% á móti starfseinkunn. Á vorönn gilda einkunnir kaflaprófa og lokaprófs þar sem prófað verður úr öllu efni vetrarins 75%.

Grunnefni: Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla I, Átta - tíu 1 hefti, aukaefni frá kennara s.s. þrautir og fleira, vefurinn (skolavefurinn.is og rasmus.is) o.fl.

Samfélagsfræði(Ísl.saga, mannkynssaga, (sam)félagsfræði, landafræði, trúfræði og kristin fræði)

Kennslustundir: 4

Kennari: Victor Örn Victorsson

Yfirmarkmið: Samfélagsgreinarnar fjalla um stöðu, hlutverk og möguleika mannsins í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi, um einingar samfélags og umhverfis frá hinu minnsta til hins stærsta. Markmið samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig og beita sér í mannlegu félagi og að temja honum gildi sem þar ríkir samkomulag um.

Námsmarkmið: Í samfélagsfræði í 8. bekk eru viðfangsefnin Íslandssaga 1550-1904 og landafræði.

Íslandssaga:

Stefnt er að því að nemendur átti sig á

- að miðöldum lýkur og nýöld hefst í Evrópusögu um 1500
- að miðöldum lýkur og nýöld hefst í Íslandssögu um 1550
- helstu einkennum nýaldar fram á 19.öld
- að nútímasamfélag þróaðist seinna á Íslandi en almennt í Evrópu
- ástæðum fyrir siðaskiptum í Evrópu
- hvernig siðaskiptin gengu fyrir sig á Íslandi
- helstu einkennum rétttrúnaðarins
- helstu staðreyndum varðandi galdrafárið
- að með siðaskiptum lagði kirkjan aukna áherslu á útgáfu trúarrita
- að húmanisminn leiddi til þess að Íslendingar hófu sagnaritun á ný
- að íslensk miðaldahandrit vöktu áhuga fræðimanna og þau voru send úr landi til varðveislu og rannsóknna.
- að kirkja og ríkisvald gerðu auknar kröfur til menntunar
- að konungsvaldið styrkist á fyrstu öldum nýaldar
- að einungis þegnar Danakonungs gátu sótt um verslunarleyfi
- að Danmörk var einveldi um tíma
- að helstu völd landsins voru áfram í höndum íslenskra stórbænda
- að Inntéttingarnar mörkuðu upphaf þéttbýlis í Reykjavík (og á Íslandi)
- að eftir móðuharðindin var ákveðið að byggja upp höfðuðstað þar sem helstu embætti og stofnanir landsins hefðu aðsetur
- að Reykjavík eflidist mjög á 19. öld
- hvað átt er við með þjóðrækni og hvernig hún kom fram á Íslandi
- að þjóðernisstefnan barst hingað til lands í gegnum íslenska menntamenn í Danmörku

- að Íslendingar kröfðust þess að fá löggjafar- og framkvæmdavaldi frá konungi eftir að hann hafði lagt einveldi sitt niður
- að Íslendingar fengu löggjafarvaldið til landsins þegar Danir afhentu landsmönnum stjórnarskrána
- að stjórnarskráin 1874 kvað á um ýmis mannréttindi
- að eftir þa einokun var aflétt máttu allir þegnar Dankonungs versla á Íslandi (en aðrir ekki)
- að krafan um frjálsa verslun varð ríkjandi viðhorf í Evrópu á 19. öld
- að krafan um frjálsa verslun varð hluti af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga
- að efnahagslegt sjálfstæði var ekki síður mikilvægt en pólitískt sjálfstæði
- að verslun var gefin frjáls og færðist smám saman á íslenskar hendur á seinni hluta 19. aldar
- að iðnbyltingin leiddi til aukinnar verslunar og þéttbýlismyndunar í Evrópu
- að fjöldi manns flutti til Ameríku þar sem sveitasamfélagið var hætt að geta tekið við þeirri fólksfjölgun sem átti sér stað í landinu
- aðundir lok 19. aldar var bændasamfélagið endanlega komið í þrot enda var þéttbýli tekið að myndast en það byggðist einkum á sjálfstæðum sjávarútvegi
- að Íslendingar fengu framkvæmdavaldi í eigin hendur og þar með heimastjórn

Landfræði:

Stefnt er að því að nemendur:

- átti sig á hvers vegna ógerningur er að sýna yfirborð jarðar rétt á flötu korti
- þekkji helstu gerðir kortavarpna, þ.e. flatar-, keilu- og hólkvörpun, og skilja
- átti sig á hvaða atriði stýra því hvaða kortvörpun hentar hverju sinni
- læri að nota bauganet jarðar við nákvæma staðsetningu og hvernig tímakerfi
- okkar byggist á lengdarbaugunum
- fái yfirsýn yfir hvað litir, letur og tákn merkja á landakortum
- kunni að reikna fjarlægðir út frá mælikvarða korts eða loftmyndar
- þekkji muninn á korti í stórum og litlum mælikvarða
- þjálfist í framsetningu landfræðilegra gagna, t.d. hvernig upplýsingar um
- átti sig á hitafari og úrkomu tiltekins staðar í eitt ár má setja fram á loftslagsriti eða úrkomuriti
- átti sig á hvernig aldurs- og kynskipting fólksfjölda birtist í aldurspíramída
- kunnist gervihnattamyndum af yfirborði jarðar, hvernig þær verða til og til hvers megi nota þær
- læri um möguleika nútímaupplýsingatækni til öflunar og framsetningar landfræðilegra upplýsinga
- þekkji helstu orku- og náttúruauðlindir jarðar og hvernig þær eru nýttar
- geti lýst megineinkennum og útbreiðslu fjögurra helstu loftslagsbelta jarðar og hvernig þau tengjast breiddargráðum og dreifingu lands og sjávar um jörðina, megindrátum landslags og ríkjandi vindum
- þekkji þau útrænu og innrænu öfl sem mikilvirkust eru við að mynda og móta yfirborð jarðar

- þekki á heimskorti nöfn og legu heimsálfanna, úthafanna, stærstu fjallgarða og mestu fljóta jarðar auk legu miðbaugs, heimskaudabauga, póla, daglínu og núlllengdarbaugsins
- kynnist helstu litum, letri og táknum á landakortum
- skilji í grófum dráttum hvernig mismunandi bergtegundir hafa orðið til
- fjalli um hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og átti sig á að landrek er orsök jarðskjálfta og eldgosa
- læri hvernig veðrun og rof verður af völdum vinda, vatns og jökla
- skilji hvernig vindar verða til og hvers vegna þeir blása í ólíkar áttir á ólíkum stöðum á jörðinni
- þekki stærstu hafstrauma jarðar og áhrif þeirra á mannlíf á jörðinni
- viti hvað átt er við með hugtökunum mengun, ósonlag og gróðurhúsaáhrif
- læri um ýmsar orkulindir sem við nýtum og áhrif ofnýtingar

Leiðir: Nemendur lesa ákv. texta í kennslubókum heima, en í kennslustundum verður rætt um efnið og unnin verkefni í framhaldi af því. Lögð verður áhersla á að þjálfar nemendur í glósugerð. Í landafræði æfa nemendur sig í notkun kortabóka og annarra uppflettirita til upplýsingaöflunar.

Námsmat: Ástundun,, kaflapróf og verkefni (80% vægi) metin til einkunnar ásamt lokaprófum (20% vægi).

Grunnefni: Landafræði handa unglingum 1. hefti, Sögueyjan 2. hefti og annað efni frá kennara

Náttúrufræði og umhverfismennt

Kennslutími: 160 mínútur

Kennari: Jóhanna Ása Einarasdóttir

Yfirmarkmið: Fræðasvið náttúruvísinda er víðfermt og það spannar undir náttúrunnar í ótal myndum. Náttúrufræðikennslu í grunnskóla er ætlað að auka skilning nemenda á umhverfi sínu og stuðla að því að þeir umgangist það af ábyrgð og virðingu í anda sjálfbærrar þróunar. Hafa ber í huga að Íslendingar eru hluti af samfélagi þjóða og að slæm umgengni við náttúruna varðar alla jarðarbúa. Rækta ber hæfileika nemenda til að njóta margbreytileika náttúrunnar og skilning á brýnni þörf á umhverfisvernd.

Námsmarkmið: Stefnt er að því að nemendur...

Eðlisvísindi:

- hafi kynnst eiginleikum mikilvægustu lofttegundanna, þekki efnasamsetningu lofthjúpsins og hugtökin ósonlag og gróðurhúsaáhrif eðli, orsök, afleiðingu
- þekki hvernig frumeindir eru gerðar úr rafeindum, róteindum og nifteindum og geti skilgreint hugtökin sætistala, massatala og samsæta
- hafi unnið með lotukerfið og skilji að frumefnin raðast eftir eiginleikum sínum og fjölda róteinda

Lífvísindi:

- skilji að útlitseinkenni og allir aðrir eiginleikar erfast frá foreldrum
- þekki að einkenni erfast vegna erfðaefnis frá kynslóð til kynslóðar með frumukjarna
- þekki líffærakerfi mannlíkamans, gerð og starfsemi, samspil, samsetningu

- fjalli um hvernig hann geti best stuðlað að eigin heilbrigði út frá ýmsum þáttum, s.s. gildi þjálfunar og hreyfingar, gildi þess að borða holla fæðu, athugunum á eigin mataræði og heilsufari
- geri athuganir á eigin líkama, s.s. mæli púls, öndun, skynjun húðar, viðbragð heyrnar og athugi skynvillur
- þekki varnir líkamans, þ.m.t. myndun ónæmis gegn sjúkdómsvöldum

Leiðir: Nemendur gera athuganir og tilraunir og vinna í hópum að lausnum á viðfangsefnum og læra jafnframt vísindaleg vinnubrögð. Umræður og rökræður um ýmis álitamál. Stuttir fyrirlestrar.

Námsmat: Próf 80%, kannanir og vinnusemi 20%.

Grunnefni: Mannslíkaminn og Auðvitað 3.

Ítarefni: Fræðslumyndir um mannslíkamann sem er að finna á nams.is, einnig vefir sem hafa að geyma ýmsa fræðslu um efni vetrarins.

Heimilisfræði

Kennslustundir: 1

Kennarar: Hrafnhildur Guðbjörnsd. og Jóhanna Ása Einarsd.

Yfirmarkmið: Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, hagsýni og verndun umhverfis. Stefnt er að því að auðvelda nemendum að takast á við daglegt líf og gera þá meðvitaða neytendur.

Námsmarkmið: Markmið fyrir heimilisfræði í 7.-8. bekk eru sameiginleg. Gert er ráð fyrir að nemandi...

- hafa fengið þjálfun í að virða jafnrétti, ólík sjónarmið og mismunandi siði og venjur
- temja sér að taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald
- bragða með jákvæðu hugarfari á öllum fæðutegundum sem notaðar eru
- fá æfingu í að skipuleggja með öðrum smáveislur og að vera öðrum til samlætis
- vita hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)
- geta sýnt samábyrgð í verki
- geta sett sig í spor annarra og tekið þátt í samvinnu á heimilinu
- geta virt jafnrétti og ólík sjónarmið, mismunandi siði og venjur
- þekkja helstu orsakir slysa og vita hvernig koma má í veg fyrir þau á heimilum og í umhverfinu

Leiðir: Nemandi vinnur að viðfangsefnum í hverjum tíma sem þjálfar þau námsmarkmið sem stefnt er að.

Námsmat: Í heimilisfræði fer fram símat og er frammistaða nemanda metin hverju sinni.

Grunnefni: Gott og gagnlegt og ljósrit frá kennara og efni úr ýmsum áttum.

Lífsleikni

Kennslustundir: 1

Kennarar: Jóhanna Ása Einarsd. og Hrafnhildur Guðbjörnsd.

Yfirmarkmið: Í lífsleikni er miðað að aukinni sjálfsþekkingu, þroska og mannrækt. Einnig er stefnt að því að gera nemendur meðvitaða um réttindi sín, þjóðfélagsstöðu, ábyrgð, skyldur og hlutverk. Einnig að kynna þeim fjölskyldumál, þjóðmál og

umhverfis-mál, gera þá hæfa til að tjá skoðanir og færa rök fyrir máli sínu og sjá málefni frá mörgum hliðum.

Námsmarkmið: Námsmarkmið eru sett skv. skiptingu í Aðalnámskrá grunnskóla.

Sjálfspæking, samskipti, sköpun og lífsstíll. Stefnt er að því að nemandi:

- gera sér grein fyrir hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti
- gera sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda í mótun lífsstíls
- öðlast styrk í að segja frá og bregðast rétt við misbeitingu og neikvæðu áreiti í samskiptum
- átta sig á líkamlegum, andlegum, tilfinningalegum og félagslegum breytingum sem verða í lífi einstaklings við það að breytast úr barni í ungling
- vera meðvitaður um gildi mannréttinda og jafnréttis
- hafa lært að nýta sér fjölbreytilegar aðferðir í samskiptum til að geta sýnt sanngírni
- hafa lært að nýta sér fjölbreytilegar aðferðir í samskiptum til að geta sýnt réttlæti og kurteisi
- hafa lært að nýta sér fjölbreytilegar aðferðir í samskiptum til að geta staðist neikvæðan þrýsting frá jafningjum og gagnvart áróðri umhverfisins
- hafa lært að setja sér markmið við úrlausn viðfangsefna jafnt innan skóla sem utan
- gera sér grein fyrir mikilvægi jákvæðrar hegðunar og samskipta

Samfélag, umhverfi, náttúra og menning. Stefnt er að því að nemandi:

- átti sig á mikilvægi náttúruverndar.
- viti af hættum samfara neyslu tóbaks- og áfengis.
- geti greint jákvæðan áróður frá neikvæðum í auglýsingum og umhverfi.
- viti hvert á að leita þegar hætta steðjar að og hvernig á að bregðast við hættuástandi.

Leiðir: Nemendur fá verkefni til að leysa, einnig lesefni um hin ýmsu málefni. Stór þáttur í náminu eru umræður og skoðanaskipti. Einnig verður farið í ýmsa leiki til að hjálpa nemendum að skilja málefnið betur sem tekin verða fyrir hverju sinni.

Námsmat: Byggt á þátttöku í umræðum, verkefnaskilum o.fl.

Íþróttir og sund

Kennari: Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson.

Tímafjöldi er 3 kennslustundir á viku, samkensla með 7. bekk.

Yfirmarkmið

Reynt verður að bjóða nemendum upp á sem fjölbreyttasta þjálfun, miðað við þá aðstöðu sem fyrirfinnst, sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Við kennslu íþróttagreina skal áfram leggja áherslu á leikræna nálgun undirstöðuatriða.

Yfirmarkmið í sundkennslu

Í 7.-10. bekk er áhersla á þátt upplifunar í allri sundkennslu. Slík nálgun hefur það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Á unglingastigi skal einnig auka vægi sundþjálfunar þar sem efling þrekþátta í tengslum við sundiðkun er höfð að leiðarljósi.

Markmið:

Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í samsettum hreyfingum og flóknum hreyfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu. Nemendur taka þátt í æfingum og leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla færni í íþróttagreinum. Þeir þjálfast í æfingum og leikjum sem efla líkamsþol, hraða, kraft, viðbragð, hjarta- og blóðrásarkerfið. Í sundi viðhalda nemendur sundfærni sinni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar. Þeir þjálfast enn frekar í fjölbreyttum samsettum hreyfingum arma og fóta með mismunandi útfærslu. Íþróttir eru vel til þess fallnar að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Leikir og samvinnuverkefni gera þær kröfur til nemenda að þeir temji sér aga og tillitssemi. Þeir læra einnig að vinna með öðrum og hvetja félagasína til dáða. Þá verða mörg verkefni eða leikir ekki leystir af hendi nema með sameiginlegu og samstilltu átaki.

Mikilvægt er að tengja fræðilega innlögn um íþróttir –líkams- og heilsurækt við útfærslu verklegra æfinga og leikja. Íþróttakennslan er vel til þess fallin að efla þessa samþættingu. Þessi aðferðafræði hefur einnig þann kost að hún vekur nemendur oft til umhugsunar um gildi íþróttar og vekur áhuga á reglubundinni heilsurækt og íþróttaiðkun.

o þjálfist í að skipuleggja og stjórna hluta úr kennslustund með því að

o sjá um upphitun

o stjórna leik

o sjá um teygju- eða slökunaræfingar í niðurlagi kennslustundar

o taki þátt í hópverkefnum sem innihalda samvinnu af ýmsum toga

Leiðir:

Til að ná þessum markmiðum verður farið í leiki og gerðar æfingar. M.a. verður farið í boltagreinir (fótbolta, körfubolta, blak), fimleika, bandý, hringþjálfun, frjálssar og leiki eins og eltingaleiki, boðhlaup, einfalda ratleiki o.fl. Í sundi eru gerðar ýmsar æfingar til að ná þeim markmiðum sem ætlast er til að nemendur í 8. bekk ljúki.

Námsmat:

Skólaeinkunn í lok 8. bekkjar er meðaltal einkunnna frá haust-, mið- og vorönn. Einkunn fyrir haustönn er skiptist í fernt: 15% tímaseðlaverkefni, 15% könnun úr efni sem fer fram í bóklegum tímum, 20% fyrir sund og 50% fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum. Á miðönn skiptist einkunnin í tvennt: líkamsástandpróf 50%, þol (20%, liðleika (10%) og styrktarpróf (20%) og 50% fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum. Vorönn skiptist í tvennt: 50% sundpróf og 50% fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum.

Í lok skólaárs er ætlast til þess að nemendur í 8. bekk geti: a) 400 metra þolsund frjálst b) 75 metra skriðsund c) 50 metra baksund d) 25 metra flugsund með eða án hjálpartækja e) tímataka í 50 metra bringusund lágmarks tími er hjá strákum er 65 sek, hjá stelpum 67 sek f) Tímataka í 25 metra skriðsundi lágmarks tími hjá strákum og stelpum er 30 sek g) Tróða marvaða í 1. mínútu h) Nemandi syndir 8 metra kafsund að hlut á botni laugar (allt að 2 metra dýpi). Syndir með hann til baka (ekki í kafi). Æfingin endurtekin eftir 10 sek.

Enska

Kennslustundir: 3

Kennari: Hildur Guðjónsdóttir

Samkenssla

Yfirmarkmið: Enska er að verða mikilvægari með degi hverjum í nútímasamfélagi. Enska er það mál sem mest er notað í alþjóðasamskiptum er því mikilvægt að nemendur

séu færir að lesa og tjá sig á enskri tungu og notfæra sér þá miðla sem mikilvægir eru í dag svo sem veraldarvefinn.

Námsmarkmið: Nemendur hafa þegar nokkurt vald á málinu og hafa nokkra tilfinningu fyrir talmáli. Nú eykst áhersla á ritun, málfræði og sjálfstæðan lestur. Mikilvægt er að vinna markvisst með lestur, hlustun og tjáningu. Öll miðlun námsefnis skal fara fram á ensku svo og öll samskipti í skólastofunni. Lögð verður áhersla á að nemendur...

hlustun:

- geti skilið ensku, talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem er verið að vinna með
- geti skilið hlustunarefni t.d. nákvæmar upplýsingar eins og tilkynningar og skilaboð í verslunum og á veitingastöðum
- geti skilið upplýsingar til að rata eftir

talað mál:

- geti tjáð sig um umhverfi sitt og áhugamál og það efni sem unnið er með hverju sinni
- geti gert munnlega grein fyrir efni sem þeir hafa lesið eða horft á
- geti tekið þátt í samtölum um efni sem snertir daglegt líf þeirra
- geti tekið þátt í para- og hópæfingum
- geti notað ensku til samskipta í skólastofunni

lesið mál:

- geti lesið léttar smásögur og léttar skáldsögur ætlaðar þessum aldri
- geti lesið tímarit sem eru aðgengileg og t.d. sérstaklega ætluð ungu fólki
- geti greint lykilorð í texta
- geti skilið leiðbeiningar og fyrirmæli
- geti lesið sér til fróðleiks eftir áhugasviðum
- geti nýtt sér orðabækur og önnur hjálpargögn

Ritun:

- geti skrifað samfellda styttri texta sem tengjast viðfangsefnum í námi
- geti skrifað styttri texta frá eigin brjósti svo sem stuttar sögur, frásagnir og samið texta við myndasögur
- geti skrifað bréf, kveðjur og póstkort
- geti sagt skriflega frá efni sem þeir hafa hlustað á
- geti sagt skriflega frá efni sem þeir hafa horft á
- geti beitt tækni til að tileinka sér ný orð og viðhalda orðaforða sem fyrir hendi er t.d. með notkun glósubókar

Námsefni: Action lesbók og vinnubók, Ensk málfræði ljósrit úr A, B og C bók.

Lestextar, vinnubækur, krossgátur og annað ítarefni af Skólavefnum og vef

Námshagnastofnunar. Léttlestrarbækur á ensku. Bókin Action er lögð til grundvallar og nemendur vinna markvisst með hana allan veturinn. Farið er yfir hvern kafla í grunnbókinni fyrir sig og verkefni í vinnubókinni unnin samhliða. Nemendur læra að lesa, glósa og þýða texta bæði heima og í skóla. Leitast er við að finna hverjum og einum nemanda námsefni við hæfi.

Kennslutilhögun: Stefnt er að því að sem mest af samskiptum í skólastofunni fara fram á ensku. Nemendur vinna markvisst með samtalsverkefni tengd viðfangsefni. Nemendur lesa texta, bæði stutta og lengri og stuttar lesbækur. Þeir vinna verkefni, bæði munnleg og skrifleg, í tengslum við lesið efni. Nemendur skrifa texta út frá eigin lífi og athöfnum í samræmi við námsefni. Nemendur vinna markvisst með nýjan orðaforða. Nemendur læra að skrifa einföld orð og setningar og þýða þau með aðstoð orðabókar. Nemendur

læra að hlusta á texta ásamt því að skrifa algeng orð og einfaldar setningar. Unnið verður með blaðagreinar og dægurlagatexta.

Heimanám: Það er í höndum nemandans hversu mikið heimanámið er hverju sinni. Nýti hann tíma sinn 100% í kennslustundum ætti heimanám að vera hverfandi utan þeirra verkefna sem metin eru til einkunnar og nemandinn vill vinna í friði og ró. Verði nemandi á eftir í verkefnavinnu skal hann vinna það upp með heimanámi. **Áform vikunnar skal ávallt skrá í skipulagsbókina Skjatta í samráði við kennara.**

Námsmat: Verkefni anna verða metin, símat, og gilda 40% af einkunn. Símat vetrarins felst í fjórum atriðum, **virkni** (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) **samvinnu** (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) **ástundun** (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir), **samskipti** (eru samskipti við kennara og samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda). Nemendur taka próf í lok hverrar annar sem skiptist í munnlegt próf sem gildir 10% og skriflegt próf sem gildir 50%. (Eingöngu er prófað er úr námsefni sem búið er að vinna með).

Danska

Kennslustundir: 3

Kennari: Árný Huld Haraldsdóttir

Yfirmarkmið:

Danska er eitt af tungumálum Norðurlandanna og frábært er að geta skilið og talað við fólk á Norðurlöndum. Mikilvægt er að tengslum við Norðurlöndin sé viðhaldið og þau efld vegna samskipta og menningartengsla norrænna þjóða.

Námsefni:

Start lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Smart lesbók, vinnubók og hlustunarefni tengt þeirri bók.

Ung í 8. klasse lesbók og verkefni tengt bókinni. Ýmis málfræðiverkefni og leikir tengdir námsefni. Einnig verður unnið með danska tónlist, krossgátur, brandara og fleira áhugavert efni.

Námsmarkmið:

Markmiðið með dönskukennslu er að nemandinn verði fær um að tjá sig bæði munnlega og skriflega. Einnig er markmið að fá nýja sýn á danska siði, menningu og þjóðfélag. Alltaf er gaman að læra nýtt tungumál og geta notfært sér þá þekkingu til gagns og gamans.

Hlustun: Lögð er áhersla á að nemandi:

- skilji fyrirmæli og leiðbeiningar í tali kennara og í hlustunarefni
- skilji aðalatriði í samtölum, frásögnum og tilkynningum
- geti fylgst með og haldið þræði í efni sem hann þekkir vel

Lestur: Lögð er áhersla á að nemandi:

- geti fundið upplýsingar í einföldum texta sem tengist viðfangsefninu
- geti lesið stutta texta og skilið aðalatriði hans með því að nota bakgrunnsþekkingu sína og lesið sér til gagns og gamans

Talað mál: Lögð er áhersla á að nemandi:

- geti tjáð skoðanir sínar, tilfinningar og þegar talað er um málefni sem hann þekkir
- geti sagt frá sjálfum sér á einfaldan hátt
- geti sagt stutta sögu eða lýst einhverju út frá myndum eða minnispunktum
- hafi nokkuð réttan framburð á mikið algengustu orðum í dönsku
- geti notað grunnorðaforða um efni, sem fengist hefur verið við, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geti unnið stýrðar samtalsæfingar

Ritun: Lögð er áhersla á að nemandi:

- geti skrifað stuttar og einfaldar frásagnir byggðar á orðaforða sem tengist viðfangsefninu
- geti skrifað dagbók og stutt persónuleg sendibréf eins og boðskort, jólakort og afmæliskort
- geti skrifað stutta texta út frá myndum, myndasögum, fyrirmælum eða lýsingu á aðstæðum

Málfræði: Lögð er áhersla á að nemandi:

- geti notað ákveðinn greini nafnorða
- þekki reglulega fleirtölu nafnorða
- hafi náð valdi á beygingu algengra sagna

Leiðir: Námið verður einstaklingsmiðað og nemendur vinna á sínum hraða þó fylgjast nemendur að í grunnbókum Start og Smart.

Unnið verður samhliða með lestur, hlustun, ritun, tjáningu og leiki út frá námsefninu.

Lögð verður áhersla á að auka orðaforða, skilning og áhuga nemenda á dönsku og Danmörku.

Námsmat: Próf verða haldin í lok hvernar annar og gilda þau 50% á móti 50% símati. Símat felur í sér mat á ástundun og vinnuframlagi nemenda heima og í kennslustundum. Í lok skólaárs fá nemendur lokaekinn sem reiknast sem meðaltal af annareinkunnunum þremur.

Valgreinar 8. 9. og 10. bekkjar

Hestamennska

Kennari: Victor Örn Victorsson

Yfirmarkmið

Nemendur fræðast um íslenska hestinn og fá að umgangast hann.

Námsmarkmið

Eftirfarandi verður kynnt fyrir nemendum:

- Skyldur hestamannsins gagnvart hestinum.
- Hestahald
- Kostnaður við að halda hest.
- Atferli hestsins.
- Reiðygi.
- Helstu sjúkdómar.
- Aðbúnaður hestsins.
- Reiðmaðurinn.
- Tamning og þjálfun.
- Útreiðatúrar.
- Keppnir
- Ræktun íslenska hestins.
- Að bregðast við óhöppum.

Leiðir: Flestar kennslustundir fara fram september, október, í reiðskemmum á Víðidalssá. Nemendur fá að umgangast hestinn og fara á hestbak. Í haust verður farið í útreiðatúra. Nokkrir bóklegir tímar verða í Grunnskólanum á Hólmavík fyrir áramót.

Námsmat: Starfseinkunn: Ástundun og vinnusemi metin.

Upptöku- og hljóðvinnsla

Kennari: Borgar Þórarinnsson

Áhersla er lögð á að nemendurnir kynnist hljóðtækni frá grunni - allt frá vali á búnaði, til lokafrágangs. Nemendur öðlist þekkingu á forsendum hljóðupptöku, hljóðvinnslu sem og þjálfun í að taka upp og vinna hljóð. Nemendur kynnist helstu tækjum og búnaði sem nota þarf við hljóðupptöku og vinnslu og geti tekið upp hvort sem er einfalt tal eða fjölrása tónlist.

Markmiðið er að nemendur kynnist:

- Hugtökum sem notuð eru í hljóðvinnslu
- Vali og notkun á mismunandi gerðum hljóðnema
- Eðli hljóðs og forsendum hljómburðar
- Helstu hljóðfærum, akústískri hegðun þeirra og tíðnisviði
- Hljóðvinnslu í hljóðveri og á vettvangi
- Hljóðblöndun og lokafrágang

Að nemendur séu færir um að:

- Að taka upp hljóð, hvort sem um sé að ræða tal, tónlist eða áhrifahljóð
- Að hljóðblanda og ganga frá tónlist til útsendingar eða á plötu
- Að taka upp tónlist á fjölrása hljóðvinnsluforritum
- Að skipuleggja upptökuvinnu og meta tækjapörf
- Að setja upp hljóðkerfi fyrir tónleika

Námsmat:

Einkunn er gefin í tölum og umsögn fyrir ástundun, vinnusemi og virkni í tímum og á vettvangi.

Kvikmyndun og kvikmyndasaga

Kennari: Arnar Snæberg Jónsson

Þetta valfag skiptist í tvö viðfangsefni, annars vegar **kvikmyndun** (handritsgerð, tökurl og eftirvinnslu) og hins vegar **kvikmyndasögu** (íslensk og erlend kvikmyndasaga, stefnumótandi myndir o.fl.).

Í viðfangsefninu **kvikmyndasaga** verður lögð áhersla á að skoða kvikmyndir frá ýmsum tímum kvikmyndasögunnar allt frá þöglu myndunum til dagsins í dag. Samhliða skoðun kvikmynda munu nemendur fræðast um helstu kvikmyndir og kvikmyndagerðarmenn sögunnar. Áhersla verður lögð á að horfa á myndir sem höfðu mótandi áhrif á einhvern hátt. Einnig verður litið sérstaklega á íslenska kvikmyndasögu og horft á íslenskar myndir. Skoðað verður hvernig myndir er gagnrýndar og hvernig þær standast tímans tönn.

Í viðfangsefninu **kvikmyndun** fá nemendur tvö aðalverkefni. Verkefnin tvö snúast um að búa til eina þögla stuttmynd og eina stop-motion mynd. Í kringum þessi verkefni verður unnið með tækniatriði, handritsgerð, storyboard og eftirvinnslu. Auk þessara tveggja verkefna munum við einnig taka þátt í Myndbandakeppni 66°N í október, en einnig verður unnið með Þjóðfræðistofu á Ströndum eftir áramót við tökurl vegna spennandi verkefnis um Frásagnasafn.

Markmiðið er að nemendur...

- ...kynnist öllum grunnatriðum og hugtökum í kvikmyndatöku
- ...læri að útbúa handrit og skipuleggja tökurl
- ...kynnist stop-motion kvikmyndagerð
- ...læri grunnatriði í eftirvinnslu á uppteknu efni
- ...tjái sig með leikrænum hætti
- ...kynnist helstu kvikmyndum sögunnar
- ...kynnist sögu íslenskrar kvikmyndunar

Nemendur verði færir um að...

- ...taka upp einfalda kvikmynd og vinna hana að fullu
- ...útbúa stop-motion mynd og vinna hana að fullu
- ...tileinka sér gagnrýna hugsun gagnvart kvikmyndum
- ...þekkja grunnsögu kvikmyndunar

- ...þekkja helstu kvikmyndir sögunnar
- ...vinna í hóp að sameiginlegum markmiðum

Námsefni:

Kvikmyndir frá ýmsum tímum. Efni frá kennara.

Námsmat:

Ástundun og verkefni nemenda verða metin af kennara meðan á námstíma stendur. Til að ljúka valfaginu þarf að mæta vel, sýna góðan áhuga og skila verkefnum.

Myndlist.

Kennari Hildur Guðjónsdóttir. Kennt er frá kl. 8:10-9:30 alla miðvikudaga.

Unnið verður á ýmsan hátt með pappír, málun, teiknun, leir, gler, ljósmyndun og myndvinnslu. Unnið verður einnig með myndbyggingu, formfræði, litafræði og útfærslu myndverka og frágangi myndverka til sýningar. Þá verður aðeins skyggst inn í sögulegt og félagslegt samhengi myndlistar, listasögu, fagurfræði auk þess sem nemendur rýna og fjalla um eigin verk, munnlega og skriflega.

Tónlist.

Kennarar Tónskólans.

Nemendur sem skráðir eru í fullt nám við Tónskólann á Hólmavík geta fengið tónlistarnámið metið sem tveggja kennslustunda valfag við Grunnskólann á Hólmavík. Nemendur skuldbinda sig til þess að sinna tónlistarnáminu af samviskusemi og alúð og sjá tónlistarkennarar um að skrá mætingu í tíma og tónfræði sem er skyldumæting í.

Leiklist, þátttaka í leikriti á vormánuðum.

Kennarar Arnar Snæberg Jónsson og Borgar Þórarinsson.

Nemendur sem ætla af fullum krafti að taka þátt í uppsetningu leikrits á vormánuðum geta fengið þá vinnu metna sem tveggja kennslustunda valfag við Grunnskólann á Hólmavík. Viðfangsefnin verða leikur, tónlist, söngur, förðun, hárgreiðsla, sviðsvinna, tæknivinna, vinna við leikmynd, handritsgerð og fleira.

Með kveðju

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir hrafnh@snerpa.is

Jóhanna Ása Einarsdóttir stebbij@snerpa.is